# Skólaráðsfundur

**Dagsetning:** 4. mars 2026

*Fundarmenn sem voru mættir: Kristinn Guðlausson skólastjóri, Arnar Sigurjónsson og Ólafía Jensdóttir fulltrúar kennara, Inga Oddsdóttir fulltrúi annars starfsfólks, Andrea Laxdal fulltrúar nemenda, Lisa Marie Mahmic fulltrúi foreldra.*

*Írena Björk Ottósdóttir, fulltrúi nemenda, Magnús Gunnarsson fulltrúi grenndarsamfélagsins og Vala Stefánsdóttir aðstoðarskólastjóri boðuðu forföll.*

1. *Skóladagatal 2026-2027*
    a. *Skólastjóri lagði fram skóladagatal næsta skólaárs og fór yfir helstu dagsetningar. Fram koma að skólinn hefur ekki fengið svar varðandi Skólabúðir á Reykjum (7. bekkur) og ferð 9. bekkjar í Vindáshlíð. Verða þær upplýsingar settar inn þegar þær koma. Hér má finna skóladagatalið.*

       *Skóladagatalið var samþykkt*

    b. *Skólasetning verður þriðjudaginn 25. ágúst 2026 og skólaslit 10. júní 2027.*

2. *Framkvæmdir í og við skólann*
    a. *Innanhúss framkvæmdir. Undanfarna mánuði hefur verið unnið að því að skipta um gler og setja glugga í kennslustofur á elstu deild skólans. Framkvæmdir ganga vel en þetta hefur eðlilega rask í för með sér.*
    b. *Utanhúss framkvæmdir. Búið er að fjarlægja undirlaga á körfuboltavellinum að mestu. Sett verður nýtt undirlaga þegar hlýnar í veðri.*
    *Næsta sumar á að skipta um þak yfir matsalnum og listagreinaálmunni.*
3. *Önnur mál*
    a. *Skólapúlsinn, þegar búið er að leggja fyrir helming nemenda í 6.-10. bekk. Fórum yfir niðurstöður fyrir skóla- og bekkjaranda. Skólinn kom vel út og er við eða yfir landsmeðaltali og sérstaklega athugaverðar niðurstöðu þar sem kennt er í heilum árgangi með teymiskennslu og samþættingu að leiðarljósi.*
    b. *HARTS kynning fyrir nemendur í 8.-10.bekk. Nemendur fengu í dag kynningu á nýtingu á mismunandi öppum fyrir er lítur að nýtingu og til að aðstoða sig við nám. Kynningin var frá Jóhönnu Birnu Bjartmarsdóttur.*
    c. *Samræmt stöðu- og framvinduþróf. Við hófum fyrirlögn í morgun og hún gekk vel hjá þeim árgöngum sem prófið var lagt fyrir.*

4. *Næsti fundur*

Fundi slitið kl. 15:30
Samantekt skráði: Kristinn Guðlaugsson skólastjóri.